

Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 6. júlí 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Laxárdalshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Búðardal samkvæmt samþykkt um takmörkun á hundahaldi í Laxárdalshreppi nr. 115/1989, skal vera kr. 500 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir upphafstímabilið til reglulegs gjalddaga árgjalds, sem er 1. mars ár hvert. Árgjaldið greiðist einnig fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið frá 1. mars til jafnlengdar næsta ár.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Laxárdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

SAMÞYKKT

um breytingu á gjaldskrá nr. 49/1986 með síðari breytingum fyrir heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði eystra.

1. gr.

3. málsg. 1. gr. orðist svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tl. 2. málsg. 2. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur kr. 10 500
2. flokkur kr. 21 000
3. flokkur kr. 42 000
4. flokkur kr. 63 000

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögunum á heilbrigðiseftirlitssvæði Norðurlands eystra sbr. 8. málsgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum staðfestist hér með samkvæmt 3. málsgr. 5. gr. sömu laga og öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Gudjón Magnússon.

17. júlí 1992

Nr. 277

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu, nr. 13/1992.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn)

1. gr.

Við grein 2.2.3. VIII. kafla, Almenna gagnaflyttingsnetið, bætist eftirfarandi ákvæði:
 Fyrir fyrstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið fullt gjald.
 Fyrir næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 85% gjald.
 Fyrir þar næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 70% gjald.
 Fyrir gagnasneiðar umfram 1500 þúsund á mánuði er tekið 50% gjald.

2. gr.

IX. kafli orðist svo:

IX. KAFLI

Háhraðanet.

Póst- og símamálastofnunin starfrækir almennt háhraðanet innanlands með skipti-stöðvum í Reykjavík, á Akureyri og Hvolsvelli. Utan höfuðborgarsvæðisins er hraðinn í netinu 64 Kb/s og 128 Kb/s en innan höfuðborgarsvæðisins einnig 2 Mb/s.

Í umsókn um aðgang að netinu skal tekið fram hvaða hámarkshraða notandi vill.

Notanda er óheimilt að veita öðrum aðila aðgang að netgátt sinni.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir aðgang að háhraðanetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við eina ethernettengingu (grunntengingu) hjá notanda:

1.1.1. Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	2 Mb/s
Stofngjald kr.	110 000,00	114 000,00	228 000,00

1.1.2. Fyrir tókanettengingu í stað ethernettengingar bætast kr. 15 000,00 við 1.1.1.

1.1.3. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar við sömu gátt bætast kr. 70 000,00 við 1.1.1.

2. Afnotagjald.

2.1. Afnotagjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við eina ethernettengingu (grunntengingu) hjá notanda:

2.1.1. Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	2 Mb/s
Ársfjórðungsgjald kr.	80 000,00	95 000,00	360 000,00